



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 7. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: miðvikudag. 28.10.09 kl. 17:30
Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður
Boðuð forföll: Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK)
Fjarverandi:

Fundarritari: RP

Helstu mál: Starfsmaður, Landsliðsmál

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 6. fundar 2009-2010 samþykkt.

2. Tækninefnd

SJ spurðist fyrir um hvernig mál hefðu þróast með Tækninefndina. PMP skýrði frá því að Tækninefndin væri nú skipuð Arnari Ólafssyni, Arnari Sæbergssyni, Einari Má Björnssyni, Jón Helgi Bragason og PMP. Tækninefndin væri því fullskipuð.

3. Starfsmaður

PMP skýrði frá því að 3 umsóknir hefðu borist um starfið, þar af ein seint. Andrés Páll Júlíusson og Theódóra Ólafsdóttir voru boðuð í viðtal hjá þeim aðalmönnum í stjórn utan PI og var það niðurstaða hópsins að bæði væru vel hæf í starfið en Theódóra væri betri kostur út frá möguleikum á að halda starfsmanninum lengur en út veturinn.

Tillaga var gerð um að Andrés yrði fenginn til að taka að sér meðaltalið meðan verið væri að koma því í lag. Eftir nokkra umræðu var niðurstaðan að PI myndi ræða við Þórhall Hálfðánarson áður en aðrir yrðu fengnir í það verkefni.

4. Landsliðsmál

VG og GS sögðu frá fundi í Landsliðsnefnd þar sem rætt var um að segja upp samning við landsliðspjálfarann í þeirri mynd sem hann er í dag. Hugmyndir séu uppi um að færa þjálfun meira yfir í félagin og ekki sé rétt að vera með landsliðspjálfa á launum meðan ekki eru verkefni í gangi sem kalli á vinnu hjá landsliðspjálfa. PMP sagði að það væri meðal annars hugmynd frá landsliðspjálfa, að hann sé ekki á föstum launum og það væri fínt að geta notað peningana í önnur mál. Til þess að fella niður laun landsliðspjálfa þarf að segja upp samningi við hann fyrir lok október og var samþykkt að gera það.

Eftir meiri umræðu um landsliðsmál kom fram tillaga um hvort hægt sé að safna saman sögu landsliða, árangur þeirra og koma á heimasíðuna. Í framhaldinu var rætt um möguleika á að halda utan um metaskrá aftur í tímann til að hægt sé að sjá hvenær met hafi verið bætt í gegnum tíðina.

4. Önnur mál.

PI var með tilboð frá Fosshól varðandi hótél gistingu. Ekki var talin þörf á að taka því þar sem ekki sé almennt þörf á gistingu fyrir keiluspilara.

ÍSÍ hefur sent beiðni til aðildafélaga um að fá lógó í góðum gæðum og teiknaðar myndir ef einhverjar slíkar eru til og notaðar í kynningarefni. PI mun senda þeim lógó en skoða þarf betur hvort KLÍ sé með einhverjar teiknaðar myndir af keilu.